

Íslenskur iðnaður

SI

3/4. tbl. 13. árg

Samtök iðnaðarins

Mars/Apríl 2007

Farsæld til framtíðar á Iðnþingi

Helgi Magnússon sagði í fyrstu ræðu sinni á Iðnþingi, sem formaður Samtaka iðnaðarins, að til þess að tryggja farsæld til framtíðar þyrftum við stöðugleika, áframhaldandi hagvöxt, bærillega sátt um nýtingu og verndun náttúruauðlinda, skilning á mikilvægi verðmætasköpunar í atvinnulífinu og að auka jafnvægi milli peningahyggju og velferðar.

Iðnþing var fjölsótt og vakti efni þess verðskuldaða athygli fjölmiðla. Nú var þingið haldið á Grand Hótel Reykjavík og var með nokkru öðru sniði en verið hefur. Svo vel þótti takast að víst er að haldið verður áfram á sömu braut að ári.

Fjölbreyttar raddir

Allir sem fram komu á Iðnþingi fjölluðu um farsæld til framtíðar, hver frá sínum sjónarhóli. Auk Helga voru þrír aðalræðumenn þeir Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra, Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður BM Vallár ehf. og Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttblaðsins. Auk þeirra voru flutt stutt viðtöl við 13 viðmælendur úr ýmsum áttum. Með þeim hætti tókst að ná fram skemmtilegri fjölbreytni og viðhorfum á skömmum tíma. Drepið var á fjölmarga þætti sem geta skipt sköpum þegar metið er hvort farsæld verði hér á landi þegar horft er til framtíðar.



Bjartsýni

Óhætt er að fullyrða að í máli allra hafi komið fram bjartsýni. Tækifærin eru fyrir hendi en það er ekki sama hvernig á málum verður haldið. Rauður þráður var í máli manna um stöðugleika, menntun, nýsköpun og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda.

Iðnþingi lauk svo með árshófi Samtaka iðnaðarins um kvöldið þar sem félagsmenn og gestir þeirra skemmtu sér saman og stigu dans fram á rauða nótt. Veislustjóri var Anna María Jónsdóttir en Halldór Einarsson flutti ræðu undir borðhaldi við góðar undirtektir gesta.

Stækkun álversins í Straumsvík naumlega hafnað

Atkvæðagreiðsla um stækkun álversins í Straumsvík fór fram 31. mars. Niðurstaðan er sú að nei sögðu 6.382 (50,3%) en já sögðu 6.294 (49,7%).

Munurinn er 88 atkvæði. Hafnafirðingar hafa með ótrúlega naumum meirihluta hafnað stækkun stærsta iðnfyrirtækis í bænum.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnafirði segir atkvæðagreiðsluna „Mikilvægan áfanga í þróun íbúalýðræðis.“ Það er ástæða til að velta fyrir sér hver verður næsti áfanga í þróun íbúalýðræðis. Stóra spurningin hér hlýtur að vera sú hvort og við hvaða aðstæður slíkum íbúakosningum verður framvegis beitt í tengslum við uppbyggingu atvinnurekstrar í tíma og ótíma? Verða slíkar íbúakosningar teknar upp í öðrum sveitarfélögum eða einskorðaðar við Hafnafirð? Sjá nánar leiðara á næstu síðu.



Áfangi í þróun íbúalýðræðis?



Umfjöllun um nýafstaðið Iðnþing 2007



Marorka hlýtur vaxtarsprotann



Samskipti fjárfesta og frumkvöðla



VSK málið verður leyst

Áfangi í þróun íbúalýðræðis?



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Að lokinni atkvæðagreiðslu um stækkun álversins í Straumsvík er rétt að staldra við og skoða niðurstöðuna.

88 atkvæði

Niðurstaðan er sú að nei sögðu 6.382 (50,3%) en já sögðu 6.294 (49,7%). Munurinn er 88 atkvæði. Niðurstaðan er sú að íbúar Hafnarfjarðar eru klofnir í tvær hnífjafnar fylkingar. Hafnirfjarðingar hafa með ótrúlega naumum meirihluta hafnað stækkun stærsta iðnfyrirtækis í bænum og þar með stytta líftíma þess til muna.

Afturvirk og íþyngjandi aðgerð

Sá, sem þetta skrifar, hefur fyrir löngu lýst efasemdum um þá aðferð bæjarstjórnar í Hafnarfirði að setja stækkun álversins í atkvæðagreiðslu. Ástæðan er m.a. sú að engar reglur eru til um slíka atkvæðagreiðslu. Hún er þar að auki í þessu tilviki afturvirk íþyngjandi aðgerð sem beinist að tilteknu fyrirtæki. Bæjaryfirvöld hafa unnið með Alcan í mörg ár að stækkun álversins og seldu því lóð fyrir fjórum árum að undangengnu umhverfismati. Starfsleyfi var gefið út fyrir tveim árum og orkukaupasamningar gerðir við Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur í fyrra. Það er ekki fyrr en 23. janúar 2007 sem formleg tillaga um almenna atkvæðagreiðslu er lögð fram í bæjarráði Hafnarfjarðar. Fyrirtækið hefur lagt í kostnað sem nemur hundruðum milljóna vegna fyrirhugaðrar stækkunar og þarf auk þess að bera kostnað af því að kynna eigin málstað og standa í kosningabaráttu upp á líf og dauða. Það verður fróðlegt að sjá hvort fyrirtækið lætur nú reyna á réttarstöðu sína gagnvart Hafnarfjarðarbæ.

Margir skaðast en hver hagnast?

Það er alveg ljóst að allt þetta ferli hefur stórskaðað Alcan í Straumsvík. Fyrirtækið hefur eytt stórfé í að undirbúa stækkun sem nú er felld með naumum meirihluta. Þessi niðurstaða skaðar starfsmenn álversins og fjölskyldur þeirra og setur atvinnuöryggi þeirra í uppnám. Sama er að segja um fjölmarga undirverktaka og birgja álversins, sem verða af viðskiptum sem nema hundruðum milljóna króna á ári hverju.

Verst fyrir Hafnarfjarðarbæ

Öllum má nú vera ljóst að fyrirtæki, sem eru með atvinnurekstur í Hafnarfirði eða íhuga að starfa þar, geta búist við hverju sem er úr þeirri átt. Svo mikið er víst að þessi meðhöndlun á atvinnufyrirtæki er fáheyrð og ekki til þess fallin að laða atvinnurekstur til Hafnarfjarðar. Bæjarfélagið verður um ókomin ár af skatttekjum sem nema hundruðum milljóna á ári frá fyrirtækinu, starfsmönnum þess og undirverktökum.

Að auki þarf Hafnarfjarðarbæ að leggja í verulegan kostnað vegna umsaminnna raflínulagna í jörð þó að ekki verði af stækkun.

Engin skoðun á eigin tillögum

Undarlegast af öllu er að meirihluti bæjarstjórnar í Hafnarfirði lét ekki og hefur enn ekki látið uppi neina skoðun á eigin samningagerð og skipulagstillögum. Það er lágmarkskrafa til kjörinna fulltrúa að þeir standi eða falli með eigin tillögum, jafnvel þótt þeir kjósi að leggja þær tillögur í dóm kjósenda.

Umhverfismálin

Allir, sem hafa kynnt sér staðreyndir um umhverfisáhrif frá stækkuðu álveri í Straumsvík, vita og viðurkenna að lífi og heilsu Hafnirfjarðinga er á engan hátt stefnt í hættu með rekstri álversins í Straumsvík hvort sem það verður stækkað eða ekki. Niðurstaðan úr atkvæðagreiðslunni 31. mars breytir þar engu um.

Svo eru þeir sem hugsa um umhverfismálin hnattrænt. Margir þeir, sem hafa áhyggjur af umhverfismálum og gróðurhúsaáhrifum heimsins, eru heiðarlegt fólk sem vill láta gott af sér leiða. Það er hins vegar mikil sjálfsblekking að trúa því að með því að stöðva stækkun álversins í Straumsvík sé dregið úr gróðurhúsaáhrifum í heiminum. Allar horfur eru á að virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði byggðar og raforkan notuð til álframleiðslu annars staðar, sennilega í Helguvík. Þar þarf enga atkvæðagreiðslu. Niðurstaðan í Hafnarfirði mun heldur ekki stöðva eða slá á frest öðrum áformum um orkufrékan iðnað. Sennilega þvert á móti. Jafnvel þótt umhverfisverndarsinum tækist að stöðva frekari uppbyggingu héraðs og koma álframleiðslunni til annarra landa eru sterkar líkur á að hnattrænu áhrifin yrðu neikvæð. Það er nefnilega óvísanlegt í heiminum hægt að framleiða ál með minni umhverfisáhrifum en einmitt hér.

Áfangi í þróun íbúalýðræðis?

Að lokum: Það eru hreinustu öfugmæli þegar bæjarstjórnarmeirihlutanum í Hafnarfirði er hrósað fyrir það hugrekki að setja stækkun álversins í atkvæðagreiðslu rétt í þann mund sem framkvæmdir ættu að vera að hefjast. Það eru enn meiri öfugmæli þegar bæjarstjórnin kallar niðurstöðuna: „Mikilvægan áfangi í þróun íbúalýðræðis.“ Það er ástæða til að velta fyrir sér hver verður næsti áfangi í þróun íbúalýðræðis í Hafnarfirði. Hann hlýtur því að gefa út yfirlýsingu um það hvernig hann hyggst beita slíkri atkvæðagreiðslu í tengslum við uppbyggingu atvinnurekstrar í Hafnarfirði. Sá, sem verður næstur, þarf að vita í tæka tíð að hverju hann gengur.

Helgi áfram formaður en Hörður hættir

Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins með 98% atkvæða en formaður er kosinn til árs í senn. Helgi er því að hefja annað kjörtímabil sitt sem formaður.

Hörður Arnarson, varformaður og forstjóri Marels hf. gekk úr stjórninni. Samkvæmt lögum SI getur stjórnarmaður ekki setið lengur en sex ár samfleytt og var Hörður því ekki lengur kjörgengur.

Helmingur stjórnar er kosinn á hverju ári til tveggja ára í senn. Að þessu sinni náðu kjöri þau Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls sf., sem er nýr í

stjórninni, Aðalheiður Héðinsdóttir, Loftur Árnason og Sigurður Bragi Guðmundsson, sem öll gáfu kost á sér til endurkjörs. Fyrir í stjórninni voru Anna María Jónsdóttir, Ingvar Kristinsson og Þorsteinn Víglundsson.

Þeir fimm, sem næstir því voru að ná kjöri til stjórnar, taka sæti í ráðgjafaráði. Það voru þeir Bolli Árnason, Hilmar V. Pétursson, Sveinbjörn Hjálmarsson og Vigfús Kr. Hjartarson.

Kosningarátttaka var að vanda mjög góð eða 77% en kosningin er póstkosning sem fer fram dagana fyrir Iðning og eru atkvæði félagsmanna í samræmi við greidd félagsgjöld.



Ályktun Iðninga - 16. mars

Hagvöxtur á Íslandi verður í framtíðinni drifinn áfram af fyrirtækjum sem reiða sig á vel menntað starfsfólk, ekki síst í iðn og tæknigreinum. Efla verður raungreinakenndu á öllum skólastigum og bæta árangur nemenda. Mannauð fyrirtækja þarf að efla með öllum ráðum, ekki síst í gegnum menntakerfið sem er meginuppspretta þess auðs. Auka verður þátt atvinnulífsins í stjórnun skóla sem sinna þörfum þess fyrir menntaða starfsmenn. Í því felst sam-eiginlegur ávinningur stjórnvalda, atvinnulífs, skóla og nemenda og þess vegna koma Samtök iðnaðarins að rekstri skóla. Það er fagnaðarefni að menntamálaráðherra ætlar að leggja hönd á plóg við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Samtök iðnaðarins sýna vilja sinn í verki og hafa ákveðið að verja verulegum fjárhæðum til þessa málaflokks.

Íslensk viðskiptabankaþjónusta ein-kennist af fákeppni. Vaxtamunur, há lántökugjöld og uppgreiðslugjöld eru skýr merki um það. Viðskiptavinir bankanna geta ekki óhindrað flutt viðskipti sín til þeirra sem bjóða bestu kjörin. Ein ástæða þess er stimpilgjaldið en það dregur verulega úr samkeppni. Stimpilgjaldið hefur æ minna gildi sem tekjustofn fyrir ríkissjóð en skaðsemi gjaldsins fer vaxandi. Til að

ýta undir heilbrigða samkeppni bankanna og tryggja betur samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs er nauðsynlegt að afnema stimpilgjaldið.

Skapa verður sátt um skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og ná jafnvægi milli verndar og nýtingar. Of langt er að bíða til ársins 2010 eftir nýtingar- og verndaráætlun, eyða þarf óvissu sem nú ríkir bæði um verndun landsvæða og stöðu þeirra sem hyggja á nýtingu auðlinda. Þær ber m.a. að nýta til þess að skapa störf og útflutningsverðmæti. Gæta verður sanngirni gagnvart fyrirtækjum sem þegar eru starfandi. Eðlilegt er að stjórnvöld setji reglur og ramma um nýtingu auðlinda en fyrirtæki í einkaeigu nýti en greiði fyrir. Auðlindagjald renni í sjóð m.a. til eflingar rannsókna og nýsköpunar í atvinnulífinu.

Samtök iðnaðarins krefjast þess að Alþingi, sem kjörið verður í vor og næsta ríkisstjórn, taki aðild Íslands að Evrópusambandinu til alvarlegrar skoðunar og komist að niðurstöðu á kjörtímabilinu. Ná þarf sem víðtækastri samstöðu meðal stjórnmalaflokka, samtaka atvinnurekenda og launþega um stefnu þjóðarinnar í Evrópumálum.

Nýr stjórnarmaður í SI



Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi

Tómas Már Sigurðsson hefur gegnt starfi forstjóra Alcoa á Íslandi síðan í byrjun árs 2004. Þar áður starfaði hann hjá Norðuráli sem framkvæmdastjóri tækni- og umhverfissviðs frá 1997. Milli árána 1995 og 1997 starfaði Tómas Már hjá Hönnun hf., aðallega við framkvæmd umhverfismats og skipulagningu framkvæmda. Þar áður var hann verkfræðingur hjá Vegagerðinni.

Tómas lauk prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands og meistara-gráðu í skipulagsverkfræði frá Cornell háskóla í Ithaca í Bandaríkjunum árið 1995. Samhliða störfum sínum hjá Hönnun hf. og Norðuráli hefur hann stundað kennslu bæði við verkfræðideild Háskóla Íslands og Viðskiptaháskólanum að Bifröst.

Tómas Már er fæddur 1. febrúar 1968. Hann er giftur Ólöfu Nordal lögfræðingi og þau eiga 4 börn.

Auka þarf jafnvægið milli peningahyggju og velferðar

Úr ræðu Helga Magnússonar, formanns SI, á Iðnþingi

Helgi sagði m.a. að við gætum vænst áframhaldandi góðs árangurs og farsældar til framtíðar en til að svo megi verða þurfi margt að ganga upp. Sigla þurfi gegnum næstu ár án stórra áfalla í efnahagsstjórn og stjórnámálum bæði hér heima og erlendis. Við þurfum stöðugleika, áframhaldandi hagvöxt, bærilega sátt um nýtingu og verndun náttúruauðlinda og skilning á mikilvægi verðmætasköpunar í atvinnulífinu. Þá þurfi að auka jafnvægið milli peningahyggju og velferðar og meiri umræðu og sátt um hvernig þjóðfélag við viljum og hvernig eigi að skapa verðmæti til að geta orðið við þeim kröfum.

Verða fyrirtæki kosin burt?

Helgi sagði að verði farið út á þá braut að kjósa fyrirtæki burt getum við varla vænst þess að hér verði fyrirmyndarþjóðfélag að því er varðar opinbera þjónustu. Hugmyndir um að hrekja arðsöm fyrirtæki á brott séu nýjar hér á landi. Ástæðan sé augljós. Það sé vegna þess að nú er ekkert atvinnuleysi og velmegun með mesta móti. Við slíkar aðstæður virðist ýmsir gleyma hvernig verðmætasköpun í þjóðfélaginu byrjar. Hún byrji í atvinnulífinu. Verði sú stefna ofan á að draga úr kröfum sé væntanlega ekki eins brýnt að nýta auðlindir okkar til tekjuöflunar en Helga finnst ósennilegt að Íslendingar séu reiðubúnir að fórnar kjörum með minni verðmætasköpun.

Megináhersla á menntun

Með áhrifum EES-samningsins og einkum með einkavæðingu bankanna hafi komist meiri hreyfing á viðskiptalífið en áður hafi gerst. Helgi telur að landnám Íslendinga erlendis muni halda áfram, öllu íslenska atvinnulífinu til hagsbóta. Smáþjóðin hafi sýnt að hún getur þetta. Minnimáttarkenndin hafi breyst í sjálfs-traust og þreifingar hafi breyst í öguð vinnubrögð og fumlausa fagmennsku. Um orkunýtingu og útflutning þekkingar á þeim vettvangi gildi að til að ná víðtækum árangri þurfi að hafa markaða stefnu um nýtingu auðlinda og hafa mikinn metnað varðandi eflingu þekkingar og menntunar í landinu á öllum sviðum.

Stakkaskipti á skömmum tíma

Helgi sagði að atvinnulífið hér á landi

hefði tekið stakkaskiptum á skömmum tíma. Á nokkrum árum hefði fjölbreytni atvinnulífsins aukist til muna og stöðirnar séu nú miklu fleiri en áður var. Fyrir áratug hefði sjávarútvegur skipt þjóðina nánast öllu. Nú skipti hann áfram miklu máli og sé ein af stöðunum en ekki eina meginstöðin. Við hlið hans hafi komið vaxandi iðnaður, þ.m.t. hátækni iðnaður og stóriðja, stóraukin ferðaþjónusta og ört vaxandi fjármálastarfsemi sem hafi vaxið hraðar og af meira afli en nokkur þorði að spá fyrir nokkrum árum. Sjálfs-traust atvinnulífsins hafi vaxið en auk þess hafi frelsi leyst afl og orku úr læðingi.

Auðlindanýting og náttúruvernd

Að undanförunu hafi Samtök iðnaðarins litið á það sem meginviðfangsefni að móta stefnu í nýtingu auðlinda og náttúruvernd. Helgi telur of langt að bíða til ársins 2010 eftir nýtingar- og verndaráætlun. henni þurfi að ljúka mun fyrr og eyða þeirri óvissu sem nú ríki bæði um verndun landssvæða og stöðu þeirra sem hyggja á nýtingu auðlinda. Eðlilegt sé að stjórnvöld setji reglur og ramma um nýtingu orkulinda en fyrirtæki í einkaeigu sjái um að beisla þær og greiði fyrir nýtingu. Þá hafi Samtök iðnaðarins tekið undir þá hugmynd að stofnaður verði íslenskur auðlindasjóður sem eignist allar nýtanlegar náttúruauðlindir Íslendinga og á nýliðnu Sprotþingi hafi Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra tekið undir hugmyndir um stofnun auðlindasjóðs.

Evran á leið inn bakdyramegin

Að mati Helga er kominn tími til að Íslendingar fái botn í áralanga umræðu um hvort við sækjumst eftir aðild að ESB og tökum upp evru eða siglum okkar sjó um allanga framtíð með íslensku krónuna sem framtíðargjaldmiðil. Umræðan hér á landi hafi verið gersamlega óviðunandi og ekki farið fram með neinni yfirvegun og skynsemi. Stærri fyrirtæki séu smám saman að segja skilið við krónuna með því að færa fjármál sín yfir í erlenda mynt og skrá hlutabréf sín í erlendra mynt. Þetta hafi verið orðað þannig að evran sé að koma inn bakdyramegin. Allt sé þetta spurning um tíma en SI líta svo á að þessi mál eigi að leiða til lykta á næsta kjörtímabili.

Hvað þarf til að njóta áframhaldandi velgengni?

Undir lok ræðu sinnar nefni Helgi ýmis atriði sem hann taldi að þyrftu að ganga upp til að við getum vænst áframhaldandi velgengni næstu 10-15 ár. „Slíkt krefst stöðugleika og friðar á vinnumarkaði og vaxtastigið verður að fara hratt niður. Það þarf festu í landstjórninni og viðundandi sátt að nást um stefnu í auðlindanýtingu og náttúruvernd. Við þurfum að skilja mikilvægi mannauðs og menntunar ef við ætlum ekki að verða undir í harðri samkeppni nútímans og komast þarf að niðurstöðu í Evrópumálum. Síðast en ekki síst þurfum við að tileinka okkur rétta hugarfarið og gleyma ekki grundvallaratriðum sem felast m.a. í að auka jafnvægi peningahyggju og velferðar til að ná aukinni sátt í hinu dvergsmáa samfélagi okkar.“

Sjá nánar á www.si.is





Harðnandi samkeppni krefst nýrrar þekkingar

Úr ræðu Jóns Sigurðssonar, iðnaðarráðherra, á Iðnþingi

Jón Sigurðsson sagði m.a. að yfirskrift Iðnþings „Farsæld til framtíðar“ lýsti frábærum árangri íslensku þjóðarinnar á sviði efnahagsmála og félagslegra umbóta. Þetta endurspeglaðist einna skýrast í ráðstöfunartekjum þjóðarinnar sem hefðu vaxið árlega um 4,5% en það væri mun meira en víðast í samkeppnislöndunum. Sá góði árangur væri engin tilviljun heldur fyrst og fremst afrakstur ótalmargra endurbóta við að bæta umhverfi atvinnulífsins með einkavæðingu ríkisfyrirtækja, umbótum í skattamálum og almennri opnun efnahagslífsins í takt við alþjóðlega þróun.

Málefni umhverfisins og vernd þess vega þyngst

Vegna minnkandi beinna ríkisafskipta hefði hlutverk ríkisvaldsins orðið veigameira í skilgreiningu á ytri rammaskilyrðum og þar vægju málefni umhverfisins og vernd þess þyngst. Í samræmi við það hefði nýlega verið lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar en markmið laganna væri að stuðla að sjálfbærri þróun, sjálfbærri nýtingu umhverfis og samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið með hag núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Hin væntanlegu lög muni tengjast öðrum lögum sem eru til umfjöllunar um samræmda heildaráætlun um nýtingu auðlinda og verndun umhverfis en hún á að taka gildi árið 2010. Í þessum áfanga sé einkum lögð áhersla á háhitasvæðin með hliðsjón af vinnslu- og verndunarsjónarmiðum. Þær breytingar muni leiða til þess að í framtíðinni verði gerðar ríkari kröfur til umhverfismálaframkvæmda og þar muni ákvörðunartaka heimamanna mjög mótast af umhverfismálum og samfélagslegum áhrifaþáttum.

Undirbúningur hafinn að Vísindagörðum HÍ í Vatnsmýri

Þá vék ráðherra að Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem, með tillögum ráðuneytisins, muni stíga sitt fyrsta skref í að taka þátt í uppbyggingu öflugs vísinda- og tæknisamfélags í Vatnsmýrinni. Þá væri vel á veg kominn undirbúningur fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni og áætlað að framkvæmdir hefjist síðar á þessu ári. Iðnaðaráðuneytið sjái fyrir sér að samfélagið í Vatnsmýrinni verði uppspretta nýrrar þekkingar sem muni gagn-

ast fjölbættri annarri starfsemi um allt land. Þar verði frjór vettvangur samstarfs háskóla, sprotafyrirtækja nýsköpunar- og hátækniyrirtækja rannsóknastofnana og fleiri skyldra aðila.

Aukin framlög til Tækniþróunarsjóðs

Þá sagðist ráðherra hafa ákveðið að beita sér fyrir því að framlög til Tækniþróunarsjóðs yrðu aukin. Til grundvallar þeirri ákvörðun lægi m.a. skilningur á mikilvægi þess að nýsköpun atvinnulífsins þyrfti að vega þyngra í atvinnupólítískri umfjöllun en verið hefði. Hann teldi ekki ofmælt að framlög til Tækniþróunarsjóðs yrðu tvöfölduð á næstu fjórum árum og yrðu einn milljarður árið 2012.

Harðnandi samkeppni krefst nýrrar þekkingar

Iðnaðarráðherra sagði ennfremur að menntun iðnaðarmanna hefði ætíð verið ofarlega á baugi meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins. Nýsköpun atvinnulífsins byggðist umfram annað á menntun á öllum skólastigum og þessir tveir málaflokkar væru báðir til umfjöllunar hér á Iðnþingi. Tækifæri til menntunar væru nú fleiri og fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr og skólakerfið hefði tekið miklum stakkaskiptum síðustu áratugi. Íslensk fyrirtæki stæðu nú frammi fyrir stöðugt harðnandi samkeppni en hún krefðist nýrrar þekkingar og hugsunar.

Sjá nánar á www.si.is



Einvera og sambúð fjallkonunnar

Úr ræðu Þorsteins Pálssonar á Iðnþingi

Þorsteinn sagði m.a. að gegnum tíðina hefði vafist fyrir ýmsum að finna rök-rétt tengsl milli veru Íslands í samfélagi þjóða og farsældar fjallkonunnar og hennar fólks. Það væri þá helst að þeir hinir sömu sæju þau tengsl með öfugum formerkjum. Því óháðara, sem Ísland væri öðrum, þeim mun meiri líkur ættu að vera á farsælli framtíð, frá þeim kög-unarhóli séð.

Einvera fjallkonunnar ekki kostur

Þegar ræða ætti fyrirbrigði eins og stöðugleika, gengi og krónu yrði það ekki gert án tengsla við þann heim sem fjallkonan fríð tilheyrði. Einvera hennar væri ekki kostur í stöðu samtímans. Enn stæði eftir spurningin hvort of nán tengsl hennar við aðra í alþjóðlegri fjölskyldu fjallkonunnar gætu orðið henni til tjóns með einhverjum hætti eða gert framtíðarfarsæld hennar óvissa.

Krónan ein má sín lítills vegna smæðar sinnar og einangrunar

Fátt benti til að krónan gæti verið undirstaða varanlegs stöðugleika. Það væri ekki vegna þess að við hefðum hingað til hagað okkur óskynsamlega. Hitt réði meira þar um að við réðum ekki við utan-aðkomandi krafta sem líklegir væru til að valda stöðugum hræringum í svo litlu myntsamfélagi. Spurningin væri hvort meiri stöðugleiki væri ekki í framtíðinni mikilvægari út frá sjónarmiðum almennrar farsældar en það peningalega sjálfstæði sem við værum að varðveita. Krónan væri einbúi í stórum heimi sem mætti sín lítills vegna smæðar sinnar og einangrunar. Þegar sú staðreynd væri virt væri bæði rétt og skylt að meta hvort annað peningalegt umhverfi væri líklegra til að tengja okkur við þá farsæld sem við hefðum ágreiningslaust sett á óskalistann fyrir framtíðina.

Með góðum rökum hefðu þeir, sem gleggst þekka til, sýnt fram á að varhugavert væri að taka upp annan gjaldmiðil nema með fullri aðild að því myntsamfélagi. Spurningin væri því sú hvort aðild að Evrópusambandinu ætti að loka fyrir hugleiðingar um nauðsyn á nýju peningalegu efnahagsumhverfi. Verði niðurstaðan sú að við kjósum heldur nýtt umhverfi peningamálastjórnunar ætti



Illugi Jökulsson, ritstjóri

„Ég er hræddur um að það sé oft íhaldssemi og jafnvel ótti sem veldur því að menn vilji halda í krónuna og sumir líta meira segja á hana sem einhvers konar tákn um sjálfstæði Íslands en það er misskilningur.“

Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis

„Í þessari stöðu ætti að lægja öldurnar og hægja allverulega á öllum útgjöldum ríkisins. Að sama skapi er það náttúrulega stórslys þegar farið er út í lánveitingu og umbyltingu á húsnæðiskerfinu sem fleytir tugum og hundruðum milljarða inn í þetta kerfi og heldur ennþá við háu gengi á íslensku krónunni.“

Hörður Arnarson, forstjóri Marelis

„Ljóst er að upptaka evru, eins og verið hefur að gerast í langflestum Evrópulöndum, skapar þann stöðugleika sem er nauðsynlegur fyrir rekstur fyrirtækjanna.“

spurningin um aðild að ESB ekki að því-ast fyrir okkur.

Fleiri en einn Þrándur í Götu aðildar að ESB

Þorsteinn sagði að aðild að ESB væri hins vegar ekkert einfalt mál þó að hún gæti um margt verið æskileg og nefndi nokkur dæmi máli sínu til stuðnings. Í fyrsta lagi hefði aðild í för með sér nokkurn viðbótarkostnað umfram það sem EES aðild kostar. Í öðru lagi væri framtíðarþróun ESB nokkurri óvissu undirorpin eins og sakir standa. Í þriðja lagi gerði lega landsins það að verkum að við þyrftum á hverjum tíma að huga að samkeppnisstöðu atvinnulífsins og skattar réðu þar miklu um. Í fjórða lagi óttuðust margir að hverfa í stóru samfélagi og drukkna í reglugerðum þess en við hefðum þegar tekið við stærstum hluta þeirra reglugerða. Í fimmta lagi væru ólík viðhorf stuðningsmanna í öllum flokkum til þessa álitafnis og breið samstaða mikils meirihluta þjóðarinnar væri forsenda þess að við gætum hreyft okkur í þessu efni. Í sjötta lagi þyrfti að ákveða fyrir fram þær leikreglur sem

hugsanleg aðildarumsókn ætti að lúta og núgildandi stjórnarskrá útilokaði beinlínis slíka aðild að Evrópusambandinu. Breyta þyrfti þeirri skipan mála og bara það formsatriði tæki sinn tíma.

Sérstakan rökstuðning þarf til að stíga ekki skrefið til fulls

Aðild að ESB myndi þó ekki breyta því að við yrðum áfram okkar eigin gæfu smiðir en spurningin væri bara sú hvort við mætum það svo að til lengri tíma værum við betur sett með því að deila örlogum með þeim sem við ættum mest viðskipti við. Í hálfan annan áratug hefðum við á farsælan hátt fléttað saman þræði okkar með ESB-löndunum varðandi allan innri markað þeirra, vörur, þjónustu, fjármagn og fólk. Góð reynsla væri komin á Schengen-samstarfið um vegabréf og lögreglumál og í því ljósi þyrfti í raun og veru sérstakan rökstuðning fyrir því að stíga ekki skrefið til fulls. Þeir sem teldu varanlegan stöðugleika vera keppikefli ættu að geta fallist á að tími væri kominn til að huga að breyttu peningalegu umhverfi. Nýjar aðstæður kölluðu á nýja hugsun og nýja lögun að þeim veruleika sem við blasi. Í því ljósi gæti umræðan um krónuna tengt viðfangsefni næstu ára hugmyndum um farsæla framtíð fjallkonunnar og hennar fólks.

Sjá nánar á www.si.is

Nýting og verndun auðlindanna

Úr ræðu Víglundar Þorsteinssonar á Iðnhþingi

Víglundur sagði umræðuna um nýtingu orkulinda okkar mjög tilfinningaþrungna og hún snerist oft um nýtingu eða verndun en ekki hvort tveggja eins og nauðsynlegt væri að nálgast hana. Hann sagði m.a. að orkustefna ríkisstjórnarinnar um að farartæki nýti orku, sem endurnýjanlegir orkugjafar framleiða, væri nú mjög í tísku en orkustefna fæli í sér fleira en að skipta út innfluttri orku fyrir innlenda. Hún hlyti jafnframt að taka til allrar nýtingar á orkulindum þjóðarinnar að teknu tilliti til umhverfisáhrifa, forgangsröðunar og aðgengis að auðlindunum.

Öld umbreytinga í orkumálum

Víglundur sagði líklegt að þessi öld yrði öld mikilla umbreytinga og verði væntanlega öldin þar sem olían og gerviefnin létu undan síga fyrir nýjum eldsneytis- og orkugjöfum og náttúrulegum efnum í

Smári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð

„Það ætti að vera stefna stjórnvalda að vega og meta hvar samfélagsnauðsyn, byggðarlega séð, er á því að byggja upp öflugt atvinnulíf og orkufrekur iðnaður kemur það mjög sterkt inn.“

stað gerviefna. Segja mætti að fjórir og hálfur milljarður manna væru á hraðferð til að bæta lífskjör sín og spurningin væri hvort það gæti gerst nema lífskjör íbúa Vesturlanda skertust á sama tíma, a.m.k. fyrst um sinn. Víglundur sagði enn fremur að upphafið að endalokum olíuhagkerfisins væri að margra mati hafið, eftirspurnin eftir olíu ykist og verðið hækkaði. Áhrif þess verði til að opna ýmiss konar ný tækifæri í framleiðslu eldsneytis og efnistækni. Aðgengi okkar að plasti og öðrum gerviefnum muni minnka og allt benti til að verð olíuvara stórhækkaði á komandi árum og áratugum. Gengi það eftir ykist eftirspurn eftir endurnýjanlegri og vistvænni orku jafnt og þétt. Fari svo væri ljóst að hér á landi væri að finna auðlindir sem heimurinn ásældist. Engin þjóð ætti jafnmikið af endurnýjanlegum orkulindum miðað við höfðatölu og öruggt væri að margir íbúar annarra landi vildu hjálpa okkur að deila þessum auðæfum með því að fytjast til landsins.

Trausti Valsson, skipulagsfræðingur

„Það er mikið talað um hnattarhlýnun og þær hörmungar sem mörg suðræn lönd aðallega munu lenda í út frá þeim. Það er sjaldnar talað um það að fyrir kalt land eins og Ísland muni margt breytast til batnaðar.“

Hagvöxtur á Íslandi á þessari öld byggist á miklum vexti í orkuiðnaði

Víglundur telur að Íslendingar muni byggja hagvöxt sinn á þessari öld á miklum vexti í innlendum orkuiðnaði og sá vöxtur verði mun víðfeðmari en nú er. Álverksmiðjur séu kjörnar byggðakjölfestur í dreifbýlinu og reynslan frá Hafnarfirði og Grundartanga sé ótvíræð. Sömu áhrif séu að koma í ljós á Reyðarfirði og það sé kostur að styrkja og jafna búsetu á landinu á stöðum eins og Reyðarfirði og Húsavík. Við þær aðstæður sé skynsamlegt að beina þróuninni inn á nýjar brautir til að auka enn fjölbreytni íslensks atvinnulífs og leggja grunn að traustum framtíðarvexti.

Endurnýjanleg orka verður okkur það sem olían hefur verið Sádum

Þó að umræðan um nýtingu orkulinda okkar sé á algerum villigötum, að mati Víglundar, sé í ýmsum tilvikum í besta falli um skammsýni og vanþekkingu að ræða eða hreint lýðskrum. Hún muni breytast hratt í náinni framtíð þegar við horfum fram á þær breytingar sem bíða okkar á næstu árum og áratugum. Fjölbættur orkuiðnaður muni fyrst og fremst bera uppi hagvöxtinn hér á landi á þessari öld og slíkur iðnaður verði síðan vaxtarskjól fyrir fjölbreyttan hugvitsiðnað sem muni vaxa og dafna til ýmissa útrásarverkefna. Sá hagvöxtur, sem fiskurinn leggi til á þessari öld, verði eingöngu sú verðmætisaukning sem við náum fram á jafnstöðuafla okkar. Endurnýjanleg orka verði okkur Íslendingum það sem olían var Sádum og öðrum arababjóðum á síðustu öld. Margir öfundi okkur nú þegar af þessari eign og við skulum vanda okkur við að nýta hana til framleiðslu og úravinnslu undir formerkjum Ríó yfirlýsingarinnar.

Sjá nánar á [www. si.is](http://www.si.is)

Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður

„Boðskapurinn er auðvitað sá að við eigum að leyfa þúsund blómum að spretta. Við eigum að byggja á fjölbreytni og hlúa að öllum þeim vaxtarmöguleikum og sprotum sem út frá okkar hefðbundna atvinnulífi geta sprottið um leið og við virkjum verðmætustu auðlindina, okkur sjálf.“



Fjármálageirinn stóriðja samtímans

Úr ræðu Sigurjóns P. Árnasonar á Iðnþingi

Sigurjón sagði m.a. að mikið hefði gerst hér á landi því að EES samningurinn tók gildi fyrir 13 árum en sennilega væri óraunhæft að gera ráð fyrir að næstu 13 ár verði jafn viðburðarík. Frá þeim tíma hefði Hagvöxtur hefði verið 4% að meðaltali, um 25 þúsund ný störf hefðu skapast og kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 60% að meðaltali. Hann rakti í stuttu máli þær breytingar sem hefðu átt sér stað undanfarin 13 ár, s.s. net- og farsímavæðinguna, einkavæðingu og uppstokkun í atvinnulífina, skráð fyrirtæki á hlutabréfamarkaði sem hefðu stækkað og orðið alþjóðleg og mörg hver leiðandi á sínu sviði.

Hagakerfið er að breytast í þjónustuhagkerfi

Sigurjón lagði jafnframt mikla áherslu á að það hefði skipt sköpum að innlendir aðilar náðu lykilstöðu í íslensku efnahagslífi í þessari umbyltingu. Ný kynslóð hefði tekið yfir í íslensku atvinnulífi, fólk á aldrinum 35-50 ára en sömu sögu væri ekki að segja um hið opinbera og Alþingi. Vonandi ættum við þar eftir að sjá sömu þróun eiga sér stað og í atvinnulífina fram til 2020. Sjötíu % af störfunum væru nú í þjónustugeiranum og það væri í raun góður mælikvarði á þroska og þróun íslenska hagkerfisins og vinnumarkaðurinn breyttist hratt í fjölmenningsarsamfélag.

Þekking og kunnátta mikilvægasta hráefnið

Sigurjón lagði ríki áherslu á mikilvægi menntunar og sagði að mikilvægasta hráefnið í þjónustugeiranum væri þekking og kunnátta. Því meira sem verðmætasköpunin aukist frá vöruframleiðslu yfir í þjónustustarfsemi þeim mun meira aukist mikilvægi menntunar. Aðgengi og gæði menntunar séu því eitt hið mikilvægasta til að tryggja áframhaldandi

Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík

„Það fólk sem við erum að mennta í dag mun hafa það val að búa á Íslandi eða hvar sem er annars staðar í heiminum. Það skiptir gríðarlega miklu máli að við búum hér til samfélag þar sem við kjósum að búa hér áfram.“



Finnbogi Jónsson, framkv.stj. Nýsköpunarsjóðs

„Það er enginn vafi á því í mínum huga að það eru einhverjir sprotar í dag sem eiga eftir að þróast á næstu 13 árum í það að verða, árið 2020, svipuð eða hliðstæð fyrirtæki á borð við Össur og Marel.“

Hilmar Pétursson, framkv.stj. CCP
„Nú höfum við Íslendingar staðið okkur vel í því að virkja landið, miðin og lífeyrissparnaðinn okkar. Nú held ég að komið sé að næsta tímabili þar sem við virkjum fólknið og þá er um að gera að fólknið lifi í umhverfi þar sem allir fá að spreyta sig og engum einum er hyglað umfram annan.“

framfarir og gæði menntunar. Sigurjón taldi að uppbygging háskólanáms væri á villigötum. Leggja bæri áherslu á grunnnám og meistaranám hér heima en sækja frekari sérhæfingu til útlanda.

Stöðugleiki í efnahagsmálum mikilvægur

Við búum við einstakar aðstæður, að mati Sigurjóns, sem nefndi verðmætar endurnýjanlegar auðlindir, opið hagkerfi, alþjóðleg tengsl og sveigjanleika en auk þess áræðni og vinnusemi og vilja til að takast á við verkefni sem öðrum virðast óyfírstíganleg. Síðast en ekki síst telur hann efnahagsumhverfið og stofnana-kerfið í aðalatriðum gott. Hins vegar sé mesta hættan fólgin í að ekki takist að skapa forsendur fyrir varanlegum stöðug-

leika í efnahagsmálum. Takist það ekki sé ólíklegt að hér verði hægt að skapa forsendur fyrir frekari framförum í þeim málum. Þá geti pólitísk óvissa um mikilvæg atriði haft neikvæð áhrif á mörgum sviðum.

Mikil tækifæri innan fjármálageirans

Í huga Sigurjóns er fjármálageirinn hin raunverulega stóriðja samtímans. Hann telur orkugeirann og tækifæri á alþjóðamarkaði óþrjótandi. Í því efni skapi fagþekking og samþætting við fjármálageirann mikla möguleika. Enn einn möguleikinn felist í sjálfri smæðinni. Ef vilji væri fyrir hendi væri hægt að byggja hér upp mun fjölmennara þjóðfélag en líklegur innri vöxtur ber með sér. Þó verði að huga að því að ekki verði raskað þjóðfélagslegu og menningarlegu jafnvægi en þeim verðmætum sé mikilvægt að viðhalda.

Sjá nánar á www.si.is

Ath. Millifyrirsagnir erinda á Iðnþingi eru blaðsins



Stoltir verðlaunahafnar

Marorka hlýtur vaxtarsprotann

Fyrirtækið Marorka ehf. hlaut á „Vaxtarsprotann 2007“ sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Tilgangurinn með veitingu hans er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og auka þannig áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Marorka jók veltu sína milli árána 2005 og 2006 um 87,5%, sem var mesti vöxtur sprotafyrirtækis á þessu tímabili.

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík í tengslum við sýninguna Tækni og vit 2007. Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra veitti dr. Jóni Ágústi Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Marorku, Vaxtarsprotann 2007 í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni við hátíðlega athöfn föstudaginn 9.mars.

Alls hlutu fjögur sprotafyrirtæki viðurkenningu fyrir öflugan vöxt milli árána 2005 og 2006 en viðurkenningunum var skipt í tvo flokka. Í „2. deild,“ þ.e. flokki sprotafyrirtækja með veltu á bilinu 10-100 milljónir, hlutu fyrirtækin Gagarín og Stíki viðurkenningu en í „1. deild,“ flokki sprotafyrirtækja með ársveltu á bilinu 100-1.000 milljónir, fengu fyrirtækin Marorka og Stjörnu-Oddi viðurkenningu.

Marorka er tæknifyrirtæki sem vinnur að þróun tölvukerfa sem lágmarka olíunotkun skipa og draga þar með úr mengun og eldsneytiskostnaði. Fyrirtækið var stofnað í júní 2002 með þremur starfsmönnum en nú eru þeir orðnir 24.

Meginviðmið dómnafndar er hlutfallslegur vöxtur í veltu milli tveggja síðustu ára. Þá þarf fyrirtækið að uppfylla skilgreiningu um sprotafyrirtæki – þ.e. að verja meira en 10% af veltu í rannsókn- og þróunarkostnað að meðaltali fyrir

bæði árin. Þá þarf frumkvöðullinn eða frumkvöðlarnir að vera í fyrirtækinu og það má ekki vera að meirihluta í eigu „stórfyrirtækis,“ fyrirtækis á aðallista kauphallar eða vera sjálft á aðallista kauphallar.

Þetta er í fyrsta skipti sem Vaxtarsprot-

inn er afhentur en hann verður veittur árlega hér eftir. Vaxtarsprotinn er farandgripur úr áli og steini en auk hans fylgir skjöldur úr sömu efnum til eignar. Samtök iðnaðarins eru gefendur Vaxtarsprotans.

Davíð Lúðvíksson

Formannsskipti hjá Landssambandi bakarameistara

Aðalfundur Landssambands bakarameistara var haldinn 3. mars síðastliðinn. Á fundinum var farið yfir öll helstu málefni sem félagið vann að á síðasta starfsári og greint frá því helsta sem er framundan. Eitt stærsta verkefnið framundan er að undirbúa hátíðahöld vegna 50 ára afmælis félagsins sem verður í janúar á næsta ári.

Ingólfur Sigurðsson, deildarstjóri bakaradeildar Hótel- og matvælasólans, flutti erindi um innflutning á brauði og kökum. Innflutningur á kökum hefur vaxið hægt og örugglega eða um u.þ.b. 50% frá aldamótum en innflutningur á brauði hefur meira en þrefaldast á sama tímabili. Þá hefur innflutningur á blöndum og deigi til brauðgerðar margfaldast á tímabilinu. Í umræðum kom fram að félagsmenn líta ekki á innflutninginn sem verulega ógnun. Blöndur og deig fara að öllum líkindum að stórum hluta gegnum bakaríin. Innflutt brauð, rúnnstykki og kökur eru mikið notuð á veitingahúsum en sá markaður hefur ekki haft mikla þýð-



ingu fyrir handverksbakara gegnum tíðina. Menn telja ekki tilefni til að hafa áhyggjur af innflutningnum nema hann birtist sem samdráttur í bakaríum.

Formannsskipti urðu á aðalfundinum. Reynir Carl Þorleifsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Í hans stað var Jóhannes Felixson, betur þekktur sem Jói Fel., kosinn formaður. Jóhannes hefur setið í stjórn félagsins í átta ár. Vilhjálmur Þorláksson í Gæðabakstri og Steinþór Jónsson í Björnsbakaríi komu nýir inn í stjórn félagsins. Aðrir stjórnarmenn eru Sigurður Enoksson í Hérastubbi í Grindavík og Sigurgeir Erlendsson í Geirabakaríi í Borgarnesi.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Fjölbreytt flóra fyrirtækja, gróska og tækifæri

Staða og tækifæri líftækni á Íslandi

Á fundi Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja (SÍL) hinn 1. mars kynnti Steven C. Dillingham áhugaverðar niðurstöður verkefnis um líftækni á Íslandi. Steven telur að í líftækni felist miklir möguleikar fyrir Ísland. Þar séu tækifæri til að byggja upp öflugan líftækniklasa með samvinnu háskóla, atvinnulífs og stjórnvalda. Fundurinn bar yfirskriftina „Ísland- lífvænleg uppspretta tækifæra?“

Lærum af þeim sem hafa náð langt

Steven benti á að leiðin frá rannsóknum í líftækni til markaðssetningar vöru geti verið löng, oft 10 til 15 ár. Því sé enn meiri þörf á þolinmóðu fjármagni innan líftækni en í öðrum hátæknigreinum. Þau ríki, sem hafa náð forskoti á þessu sviði, hafi sett fram markmið og skipulagðar stuðningsaðgerðir sem byggjast á styrk þeirra, s.s. vegna náttúrulegra auðlinda. Þar hafi verið byggðar upp nýjar rannsóknastofnanir og háskólar sem leiti eftir tækifærum á heimamarkaði og alþjóðamarkaði.

Steven fjallaði um fjármögnun líftækni- fyrirtækja en þau þurfa nokkrum sinnum á fjármögnun að halda, allt frá litlum fjárfestingum í upphafi að stórum fjárfestingum frá fag- og áhættufjárfestum síðar meir. Hann nefndi að hér á landi væru glöppur í fjármögnunarumhverfi tækni- fyrirtækja því að bæði skorti stuðning við sérlega efnileg fyrirtæki sem og þau sem glíma við að komast af stað og vilji sanna sig. Fjármögnun ein og sér dugi þó ekki til að tryggja árangur. Fjármögnun þurfi að haldast í hendur við stuðning og gott skipulag. Miklu máli skipti, bæði fyrir ung og rótgróin fyrirtæki, að hafa góðan aðgang að þjálfun og stuðningi við frumkvöðlastarfsemi, stefnumótun, sölu- og markaðsmál. Að mati Stevens er þörf á að bæta ferli tækniyfifærslu og vinnu við hugverkaréttindi í háskólum og rannsóknastofnunum og hann lagði til að gefinn yrði kostur á handleiðslu um hvernig eigi að skapa viðskiptatækifæri.

Steven hefur skoðað hvernig aðrar þjóðir hafa markvisst byggt upp líftækni og nefndi fjölmörg dæmi um leiðir sem hafa gefið góða raun í öðrum löndum. Það þarf ekki að finna upp hjólið, hægt

Bryndís
Skúladóttir
líftækniðnaður



er að læra af þeim sem hafa náð langt. Að loknu erindi Stevens stigu í pontu þrír álitsgjafar.

Sterkur grunnur

Jakob K. Kristjánsson, fráfarandi formaður SÍL, minnti á að grunnurinn sem við stöndum á sé styrkur. Mikið hafi gerst á síðustu tveimur áratugum og talsvert verið fjárfest í þekkingu. Fyrirtæki hafi

horfið en önnur spröttið upp í þeirra stað. Jakob benti á að dæmin, sem Steven nefndi frá Bandaríkjunum og Kanada, séu fyrirmyndir til að læra af en árangur þar hafi verið betri en víðast annars staðar.

Rannsóknir á heimsmælikvarða

Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Brúar fjárfestingarfélag, tók undir með Steven um að Íslendingar geti skarað fram úr í líftækni. Menntun og þekking á þessu sviði sé mikil og rannsóknir á heimsmælikvarða. En eins og í mörgum öðrum hátæknigreinum skorti að fyrirtæki séu nógu markaðsdrifin. Gísli sagði erfitt fyrir fjárfesta að koma að verkefnum sem muni ekki skila árangri fyrr en hugsanlega eftir 12 ár. Því sé nauðsynlegt að styrkja rannsóknir og þróunarstarf með opinberu fé.

Samvinna lykilatriði

Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður AVS rannsóknarsjóðs, sagði frá því hvernig þetta verkefni varð til að frumkvæði AVS. Líftækni er ein af meginstöðum sjóðsins en aukning umfangs þar er minni en vænst var. Friðrik telur verkefnið mikilvægt skref og nú skipti máli að haldið sé áfram með vinnuna að frumkvæði fyrirtækja en samvinna við stjórnvöld og háskóla sé þó lykilatriði.

Spurt og svarað um REACH

Í febrúar var haldinn var kynningarfundur um REACH þar sem Bryndís Skúladóttir hjá Samtökum iðnaðarinnar kynnti þær breytingar sem í vendum eru. Markmiðið með REACH er annars vegar að vernda heilsu manna og umhverfis og hins vegar að auka samkeppnishæfni evrópsks efnaiðnaðar. Með REACH er sönnunarbyrði um öryggi efna færð frá yfirvöldum til fyrirtækja sem framleiða og flytja inn efni.

Íslensk fyrirtæki eru hvött til að búa sig vel undir REACH en framleiðendur og innflytjendur skulu skrá efni og veita upplýsingar um eiginleika þeirra. Forskráning efna hefst í júní á næsta ári og lýkur í nóvember sama ári. Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki taki þátt í ferlinu frá byrjun því að óheim-



ilt verður að framleiða eða markaðssetja óskráð efni í Evrópu.

Á fundinum var farið yfir hvernig fyrirtæki geta skoðað stöðu sína gagnvart REACH, skipulagt undirbúning og áætlað áhrifin á rekstur sinn. Á vefsetri SI má finna Spurningar og svör um REACH og annað kynningarefni sem var lagt fram á fundinum.

Bryndís Skúladóttir

Nýir félagsmenn SI

Tandrabergh ehf.
Strandgötu 2
735 Eskifjirði
Mannvirkjagerð og
verktakastarfsemi

Studio GR ehf.
Grundarstíg 24
101 Reykjavík
Mannvirkjagerð og
verktakastarfsemi

Plastgerð Suðurnesja ehf.
Framnesvegi 21
230 Reykjanesbæ
Plastiðnaður

Prokatin ehf.
Byggingin, Reykjum
810 Hveragerði
Líftækniðnaður

SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
3/4. töl. 13. árg. Mars/Apríl 2007
ISSN 1022-7741

För í prentsmíðju: 03.04.2007
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Vinningshafar á
Tækni og viti
með viðkenningar-
skjöl sín

Sýningarsvæði SI, Sprotatorg, var valið það athyglisverðasta á sýningunni Tækni og viti 2007, sem haldin var í Fífunni 8. til 11. mars. Jafnframt var tilkynnt að rafræn skilríki á vegum Auðkennis í samvinnu við fjármálaráðuneytið væri athyglisverðasta varan.

Á Sprotatorgi var gróandinn í fyrirrúmi. „Við ákváðum strax að vinna með sprota-hugmyndina og móta svæðið í samræmi við annað kynningarefni sem við höfum

unnið fyrir Samtök sprotafyrirtækja. Uppsetning svo stórrar og viðamikillar sýningar krefst gríðarlegrar vinnu og ég nota hér með tækifærið til að þakka öllum sem tóku þátt í að gera Sprotatorgið jafn glæsilegt og raun bar vitni,” sagði Brynjar Ragnarsson markaðsstjóri, SI eftir að tilkynnt var um úrslit atkvæðagreiðslunnar um athyglisverðasta sýningarsvæðið.

Nánari upplýsingar um sýninguna má nálgast á vefsetrinu www.taekniogvit.is.

Einar Mäntylä nýr formaður SÍL

Samtök íslenskra líftækniyrirtækja, SÍL, héldu aðalfund 1. mars. Þar var Einar Mäntylä, hjá Orf líftækni, kosinn formaður stjórnar. Einar hefur setið í stjórn samtakanna frá upphafi. Meðstjórnendur eru Jakob K. Kristjánsson, hjá Prókatín og Snorri Þórisson hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni.

Á aðalfundinum var farið yfir starf samtakanna undanfarið ár og lagðar fram tillögur að verkefnaskrá næsta

starfsárs. Á síðasta ári unnu samtökin að verkefni um stöðu líftæknigreinarinnar ásamt ráðgjöfum og AVS rannsóknarsjóði, sem styrkti verkefnið. Í tengslum við þá vinnu voru fjölmörg líftækniyrirtæki heimsótt. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar formlega á opnum fundi fyrr um morguninn, „Ísland - lífvænleg uppspretta tækifæra?“ Það er von félagsmanna að fundurinn, og skýrsla sem þar var kynnt, skili

upplýstri og ábyrgri umræðu um starfsumhverfi líftækniyrirtækja og ekki síst aðgerðum. SÍL hyggst fylgja verkefninu eftir með markvissum hætti á næsta starfsári. Fjölmörg önnur verkefni hafa verið á döfinni og má þar nefna samvinnu við Samtök sprotafyrirtækja um fundarhöld um hátækni- og sprotafyrirtæki.

Bryndís Skúladóttir

Samskipti fjárfesta og frumkvöðla

Samskipti fjárfesta og frumkvöðla voru rædd á fjölsótttri ráðstefnu á vegum Samtaka iðnaðarins en hún var haldin var föstudaginn 9. mars í Salnum í Kópavogi.

Davíð Lúðvíksson hjá SI setti ráðstefnuna og sagði m.a. frá því að í framtíðarsýn Samtaka sprotafyrirtækja komi fram það markmið að frá og með árinu 2010 bætist að jafnaði tvö ný tækniyrirtækki árlega við þann hóp sem veltir yfir einum milljarði á ári og verði skráð á almennan hlutabréfamarkað. Til að slík framtíðarsýn geti orðið að veruleika þurfi margar forsendur og áhersluverkefni að ganga upp. Mikilvægast sé að saman fari frumkvöðlar með framúrskarandi þekkingu á sérsviðum sínum, gott starfs- og stuðningsumhverfi og fjárfestar með þolinmæði og þekkingu á eðli fyrirtækjanna.

Jón S. von Tetzchner, framkv.stj. og stofnandi hugbúnaðarfyrirtækisins Opera Software skýrði frá reynslu sinni af stofnun fyrirtækisins.

Vilborg Einaradóttir, stofnandi og stjórnarmaður Mentor, fjallaði um frumkvöðla í þekkingarfyrirtækjum og mikilvægi þess að fjárfestar og frumkvöðlar væru samstíga. Sprotafyrirtækki þurfi oft mikinn stuðning fjárfesta en fjárfestar þurfi einnig á frumkvöðlunum að halda.

Dr. Gísli Hjálmtýsson, framkv.stj. Brúar-Venture Capital, talaði um þroskaferli nýsköpunarfyrirtækja og hvernig fjárfest-

Fundarstjóri og stjórnandi pallborðs var Eggert Claessen formaður Samtaka upplýsingatækni-fyrirtækja



ar koma að vexti þeirra. Hraður vöxtur krefst oftast fjármagns frá fagfjárfestum. Fjárfestar setja sér tilteknar forsendur og markmið áður en fjárfest er í sprotafyrirtækki. Mikilvægt er að markmið séu skýr og að allir hagnist á samstarfinu.

Andrew McNair framkv.stj. tengslanetsins Connect Scotland, kynnti nýstárlegar leiðir sem Skotar hafa byggt upp til að tengja frumkvöðla, fjárfesta, rannsóknastofnanir og háskóla með markvissum hætti.

Þátttakendur í pallborðsumræðum auk ræðumanna voru dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, stofnandi og framkv.stj. Marorku og formaður Samtaka sprotafyrirtækja, Finnboi Jónsson, framkv.stj. Nýsköpunarsjóðs og Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest. Við pallborðið voru m.a. ræddir möguleikar á því að koma á markvissara samstarfi þeirra sem koma að uppbyggingu sprotafyrirtækja í líkingu við það sem er gert í Skotlandi.

Skoðanir fjárfesta og frumkvöðla voru nokkuð skiptar um þær leikreglur og arðsemiskröfur sem tengjast aðkomu fagfjárfesta í sprotafyrirtækjum. Ekki gafst tími til að leiða þá umræðu til lykta og því er ljóst að henni verður haldið áfram.

Ánægja viðskiptavina mæld í áttunda sinn!

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar 13. mars sl. en þetta er í áttunda sinn sem ánægja íslenskra viðskiptavina fjölda fyrirtækja er mæld. Úrtakið var tæplega 35 þúsund manns úr þjóðskrá á aldrinum 15 til 75 ára.

Í flokki fjármálfyrirtækja, þ.e. banka og sparisjóða, er SPRON í fyrsta sæti með 75,1 stig en undanfarin 7 ár hefur Sparisjóðurinn verið í fyrsta sæti. Á árunum 1999 – 2003 var ekki gerður greinarmunur á SPRON og Sparisjóðnum þannig að þetta er þriðja árið sem SPRON er mældur sérstaklega. SPRON hækkaði um 1,0 stig milli ára en meðaltal banka/sparisjóða lækkar um 1,1 stig.

- Í flokki tryggingafyrirtækja er Tryggingamiðstöðin í fyrsta sæti, annað árið í röð, með 71,9 stig og lækkar um 0,4 stig á milli ára.
- Í flokki farsímafyrirtækja er Vodafone í fyrsta sæti með 64,5 stig.
- Í flokki netveitna, sem nú voru mældar í fyrst skipti, er Hive í fyrsta sæti með 68,5 stig.
- Í flokki goddrykkjaframleiðenda er Ölgerðin Egill Skallagrímsson í fyrsta sæti með 72,2 stig en lækkar nokkuð eða um 3,9 stig milli ára.
- Í flokki rafveitna, er Hitaveita Suðurnesja í fyrsta sæti fimmta árið í röð með 71,3 stig með nákvæmlega sömu einkunn og árið 2005.
- Í flokki smásöluvirkja, þ.e. ÁTVR, olúfélagi og byggingavörverslana, er BYKO í fyrsta sæti með 66,9 og veltir þar með ÁTVR úr sessi.

Íslenska ánægjuvogin

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísir og Capacent Gallup standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvuginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum, sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum, og tryggð viðskiptavina. Mælingin er talin mjög mikilvæg þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu getur það get sér vonir um.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Lúðvíksson hjá Samtökum iðnaðarins.



Þúsundir sóttu Tækni og vit

Íslendingar hafa mikinn áhuga á því sem er að gerast í tækni- og þekkingariðnaði því að um 15.000 manns sóttu stórsýninguna Tækni og vit 2007 sem haldin var í Fífunni í Kópavogi 8.-11. mars. Þar kynntu yfir 100 sýnendur fagadilum og almenningi vörur sínar og þjónustu.

Geir H. Haarde, forsætisráðherra, opnaði Tækni og vit 2007 formlega að viðstöddum um 1.000 gestum. Auk Geirs fluttu ávörp Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, og Sveinn Hannesson, framkv.stj. Samtaka iðnaðarins. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, sótti sýninguna einnig í boði Samtaka iðnaðarins. Hann gróðursetti sprota í Sprotatorg SI og kynnti sér stefnumál þeirra varðandi sprotafyrirtæki.

Á Sprotatorgi voru haldin erindi um ýmis málefni, sem snerta sprota- og hátækniyrirtæki, á klukkutíma fresti allan sýningartímann. Á föstudag og laugardag hélt forystufólk úr fyrirtækjunum erindi sem tóku að jafnaði 10-15 mínútur, með léttu spjalli á Sprotatorgi á eftir. Á sunnudeginum komu fulltrúar stjórnmalaflokka og kynntu stefnumál sín og tillögur í málefnum sprota- og hátækniyrirtækja.

Sprotatorg Samtaka iðnaðarins kom enn meira við sögu á laugardeginum því



að þá var tilkynnt hvaða sýningarsvæði dómnefnd teldi athyglisverðust og hlaut Sprotatorg fyrstu verðlaun.

Fjölmargir viðburðir voru haldnir í tengslum við Tækni og vit 2007. Þar má nefna UT-daginn sem haldinn var á vegum forsætis- og fjármálaráðuneytis 8. mars. Einnig héldu Samtök iðnaðarins athyglisverða ráðstefnu 9. mars um samskipti frumkvöðla og fjárfesta auk þess sem Vaxtarsprotinn 2007 var veittur við hátíðlega athöfn. Fyrirtækið Marorka ehf. hlaut Vaxtarsprotann sem er viðurkenning á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í



Forsetinn við gróðursetningu sprota

Reykjavík fyrir öflugan vöxt sprotafyrirtækis. AP sýningar stóðu að Tækni og viti 2007 í samstarfi við forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Samtök iðnaðarins, Háskólann í Reykjavík, Orkuveitu Reykjavíkur og TM Software.

Davíð Lúðvíksson

Samningur milli byggingastjóra og verkkaupa

Góð stjórnun byggist m.a. á því að hnýta lausa enda áður en hafist er handa við framkvæmdir. Vandaður undirbúningur er vísir að vandaðri framkvæmd. Meðal þess sem tilheyrir góðum undirbúningi er að ganga frá samningum við alla þá sem á að kaupa af eða selja þjónustu og vörur.

Byggingastjóri er framkv.stj. verks Þegar um byggingaframkvæmdir er að ræða þarf verkkaupi, samkvæmt kröfum byggingarreglugerðar, að ráða byggingarstjóra til að vera í forsvari fyrir framkvæmdinni. Byggingastjóri er þar með framkvæmdarstjóri tiltekinnar byggingar og gætir hagsmuna eigandans. Þegar byggingastjóri er ráðinn er gott verklag að gera við hann skriflegan samning.

Stöðluð drög að samningi

Ýmsir félagsmenn SI hafa sent fyrirspurn um hvort Samtökin eigi drög að slíkum samningi. Í drögum að gæðakerfi, sem SI bjóða félagsmönnum sínum, er að finna ýmsar útgáfur af samningsdrögum en samningur milli byggingastjóra og verkkaupa hefur ekki verið þar á meðal. Nú er búið að ráða bót á þessu og vista drög að slíkum samning inn í gæðakerfið. Ákveðið hefur verið að bjóða öllum félagsmönnum SI frí afnot af þessum drögum ásamt drögum að samningi milli verktaka og verkkaupa ásamt samningi milli verkkaupa (verktaka, framleiðanda) og birgja. Önnur eyðublöð, drög að verklagsreglum og samningum og fl. er eftir sem áður hægt að fá keypt sem heild í gæðakerfi eða sem stök eyðublöð allt eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Aðstoð og upplýsingar hjá SI

Til þess að nálgast þessi gögn þarf að senda tölvupóst á ferdinand@si.is ásamt upplýsingum um nafn fyrirtækis, kennitölu og netfang því að viðkomandi fyrirtæki þarf að vera aðili að SI til að fá samningseyðublöðin send. Þau fyrirtæki, sem hafa keypt drög að gæðakerfi frá SI, fá sérstaka útgáfu með sama útliti og fyrir er í kerfinu. Vert er að minna á að á vefsetri SI um gæðastjórnun er að finna ýmsan fróðleik og gagnlegar upplýsingar varðandi rekstur og stjórnun m.a. upplýsingar um gæðakerfi, stök eyðublöð og verklagsreglu, CE-merkingar. Að lokum er vert að minna á að Samtökin bjóða ráðgjöf, úttektir og vottun varðandi rekstur og stjórnun. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri SI um gæðastjórnun www.gsi.is

Óboðleg rök og rangfærslur í Evrópumálum

Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI



Eitt er að færa vond rök fyrir máli sínu en annað og öllu verra að bera á borð rangfærslur máli sínu til stuðnings. Þetta gera sumir andstæðingar ESB og evru stundum, einkum þegar talað er um hagvöxt og atvinnuleysi. Fullyrt er að hvergi í Evrópu sé meiri hagvöxtur en á Íslandi og atvinnuleysi með því minnsta sem þekktist. Í framhaldi af því er dregin sú ályktun að lítill hagvöxtur og mikið atvinnuleysi sé ESB og evrunni að kenna. Gangi Íslendingar í ESB og taki upp evru bíði okkar ekkert annað en lítill hagvöxtur og atvinnuleysi að evrópski fyrirmynd. Þetta er á alrangt.

Það er rétt að hagvöxtur á Íslandi hefur verið þökkalegur síðustu ár. En þegar leiðrétt er fyrir svokölluðu kaupmáttarjafnvægi og hagvöxtur á Íslandi settur í alþjóðlegt samhengi er árangur okkar í besta falli sæmilegur. Þetta kom t.m.a. fram í máli Michaels Porter sem var heimsókn hér landi sl. haust. Ríki eins og Spánn, Írland og flest lönd í Austur-Evrópu standa sig betur en við. Nágrann-



ar okkar annars staðar á Norðurlöndum ná svipuðum árangri og við að meðaltali en hagvöxturinn hér er mun sveiflukennari en þar. Þetta þýðir að samkeppnishæfni okkar er minni en þeirra.

Hagvöxturinn og landsframleiðslan ein og sér segja ekki alla söguna því þjóðir hafa mismikið fyrir því að afla hennar. Þegar skoðuð er landsframleiðsla á hverja unna vinnustund kemur nefnilega

í ljós að Ísland er við meðaltal OECD og talsvert fyrir neðan meðaltal Evru-svæðisins. Við þurfum m.ö.o. að vinna miklu meira en flestir aðrir til að halda uppi landsframleiðslunni og góðum lífskjörum í landinu. Ríki eins og Frakkland, Þýskaland og Ítalía, þar sem efnahagslífið er í rúst að mati andstæðinga ESB hér á landi, ná betri efnahagsárangri á þennan mælikvarða en við. Skyldi þetta hafa eitt-hvað með aðild þessara landa að ESB að gera? Reyndar eru smáríki, sem nota evru, ofarlega á þessum lista til dæmis Írland, Belgía og Lúxemborg sem trónir á toppnum.

Svo má heldur ekki gleyma að stór hluti þessa mikla hagvaxtar, sem við höfum búið við síðustu misseri, er fenginn að láni. Gífurlegur viðskiptahalli ber þess skýr merki. Og hvaðan er hagvöxturinn fenginn að láni? Svárið er einfalt. Hann er að verulegu leyti fenginn að láni í Evrópu á lágum vöxtum.

Frá árinu 1996 til 2006 hefur atvinnuleysi á Íslandi minnkað um 1,5 prósentustig samkvæmt gögnum frá OECD. Sömu gögn gefa til kynna að atvinnuleysi á Evru-svæðinu hafi minnkað um 2,9 prósentustig. Vissulega er atvinnuleysisstigið herra á Evru-svæðinu en þar dregur hraðar úr atvinnuleysi en hjá okkur. Það skyldi þó ekki vera að evran væri geri sitt gagn þar sem hún er notuð.

Eitt og annað mælir gegn því að við göngum í Evrópusambandið og tökum upp evru. En að halda því fram að atvinnuleysi og stöðnun hagvaxtar vofi yfir okkur eru ekki boðleg rök og standast ekki raunverulega skoðun.

Setjum kraft í umhverfisstarfið

Samtök iðnaðarins leita að fyrirtækjum til að taka þátt í samstarfsverkefni um umhverfisstjórnun. Markmiðið með verkefninu er að hanna einfalt umhverfisstjórnunarkerfi og laga það að litlum og meðalstórum framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum. Komið verður á fót samstarfi þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra framleiðslu. Verkefnið mun auðvelda fyrirtækjum að vinna að úrbótum í umhverfismálum á skilvirkan hátt, bæta með sýnilegum hætti samkeppnisstöðu þeirra og um leið styrkja stöðu þeirra í sátt við samfélagið og umhverfið.

Við leitum að áhugasömum fyrirtækjum sem vilja nýta þetta tækifæri og taka þátt í að þróa einfalt og árangursríkt umhverfisstjórnunarkerfi. Þátttakendur fá aðstoð ráðgjafa við að setja upp kerfið og haldnar verða málstofur og vinnufundir. Kerfið verður unnið í algengum forritum og byggt upp á

töflum til að skrá t.d. neyslu, úrgang og útstreymi. Auk þess bjóðast skýrsluform og leiðbeiningar sem stuðla að skilvirkum lausnum og gagnast við markmiðssetningu og aðgerðaáætlun. Kerfið auðveldar þannig vinnslu upplýsinga og gagna sem ætluð eru yfirvöldum og viðskiptavinum.

Vinnunefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um vörur og úrgang styrkir verkefnið. Það er unnið á Íslandi, Álandseyjum og Færeyjum með þátttöku um 60-90 fyrirtækja og í samstarfi við samtök atvinnuvega og umhverfisyrivöld á hverjum stað. Verkefnisstjórn á Íslandi er í höndum umhverfisaráðgjafa hjá Environice. Áætlað er að verkefnið standi til loka næsta árs.

Þetta er gott tækifæri fyrir fyrirtæki sem vilja setja kraft í umhverfisstarfið. Áhugasamir hafi samband við Bryndísi Skúladóttur hjá SI.



Menntadagur iðnaðarins

Samtök iðnaðarins buðu til ráðstefnunnar Skólar í mótun á Menntadegi iðnaðarins. Menntamálaráðherra flutti ávarp en aðalræðumaður dagsins var Torben Jessen, forstjóri SIMAC tækniháskólans í Danmörku. Um 80 gestir sóttu ráðstefnuna.

Formaður I, Helgi Magnússon, ræddi áherslur og störf Samtaka iðnaðarins á sviði menntunar og mannauðs. Hann nefndi m.a. fyrirhugaða sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans og hvatti skeleggjan menntamálaráðherra til að taka ákvörðun í þessu máli.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, flutti ýtarlegt erindi um mikla umbreytingu í menntakerfinu undanfarið ár. Nemendum hefur fjölgað til muna á framhaldsskóla- og háskólastigi. Sveinsprófum í iðngreinum hefur hins vegar ekki fjölgað að sama skapi. Menntamálaráðherra vill styðja við verkefni og viðleitni sem breytir staðalímyndum iðn- og starfsnáms.

Torben Jessen hefur mikla reynslu af skólastjórnun. Hann stýrði í 20 ár viðskiptaháskóla og átti þátt í að einkavæða hann fyrir rúmlega tíu árum. Torben er nýtekinn við sem forstjóri SIMAC tækniháskólans í Danmörku. Skólinn sérhæfir sig í skipstjórn og vélfræði. Í lífligu erindi sínu lagði Torben mikla áherslu á að starfsemi skóla væri sveigjanleg og sinni vel þörfum viðskiptavinanna, bæði nemenda og atvinnulífs. Að mati Torbens hefur reynslan kennt honum að einkavæðing og frjálst félagaforn gefur skólum mest frelsi til að verða við óskum viðskiptavinanna. Einnig telur hann að slíkt rekstrarform skóla létti smásmugulegu eftirlitshlutverki af stjórnvöldum en gefi þeim í staðinn kost á að setja sig í spor kaupanda þjónustu. Stjórnvöld geta ein-

beitt sér að heildarsamhenginu; þau eiga auðveldra með að krefjast þess að skólar standist opinberar gæðakröfur.

Dr. Svafa Grönfeldt, nýráðin rektor HR, hélt erindi um það hvað gerði skóla að góðum háskóla. Svafa telur að þekkingin sé mikilvægasta eign fyrirtækja 21. aldarinnar. Verðmæti fyrirtækja eru bundin starfsmönnum því að þeir búa yfir þekkingunni. Hildur Elín Vignir, framkv.stj. IÐUNNAR fræðsluseturs, sagði frá áherslum og starfsemi IÐUNNAR. Styrkur

IÐUNNAR felst í því að ráða við stór verkefni sem einstakar fræðslumiðstöðvar áttu áður erfitt með.

Að framsöguerindum loknum var efnt til pallborðsumræðna. Þátttakendur þar voru Arna Garðarsdóttir (Actavis), Baldur Gíslason (Iðnskólinn í Rvk.), Jón B. Stefánsson (Fjöltækniskólinn) og Magnús Þór Ásmundsson (Marel). Stjórnandi pallborðsumræðna var Ingi Bogi Bogason, sviðsstjóri hjá Samtökum iðnaðarins.

Fjögurra milljóna króna styrkur Samtaka iðnaðarins til námsefnisgerðar



F.v.: Karl Friðriksson, Ragnar Ólafsson, Halla Boga, Hildur Elín Vignir, Erling Erlingsson

Árlega verja Samtök iðnaðarins allt að 10 m. kr. til að styrkja námsefnisgerð í þeim greinum sem varða iðnaðinn miklu. Námsefnisstyrkur SI er auglýstur tvisvar á ári. Á Menntadegi iðnaðarins í febrúar sl. voru afhentir námsefnisstyrkir að fjárhæð fjórar milljónir króna.

Halla Bogadóttir, gullsmiður, fulltrúi dómnemndar, gerði grein fyrir verðlaunaverkefnum og verðlaunahöfum. Eftirtaldir hlutu námsefnisstyrk Samtaka iðnaðarins að þessu sinni:

- IÐAN fræðslusetur hlaut 1.000.000 kr. styrk til að kynna nám og störf í

iðnaði og iðnfyrirtæki.

- IÐNÚ bókaútgáfa hlaut 2.000.000 kr. styrk til að þýða og gefa út bókina Salons Fundamentals fyrir háriðni.
- Iðntæknistofnun hlaut 500.000 kr. styrk til námsefnisgerðar vegna þekkingarmiðlunar á alhliða framleiðslustýrðu viðhaldi.
- Ragnar Ólafsson og Svanhildur Steinarsdóttir hlutu 500.000 kr. til að gera námsefni um greiningu kynjamynda í fjölmíðlum.

Ingi Bogi Bogason



Hvernig vegnar iðnlærðum í tækni- og verkfræði í HR?

Iðn- og starfsmenntuðum með frumgreinapróf vegnar vel í námi í tækni- og verkfræði við Háskólann í Reykjavík samanborið við aðra nemendur. Þetta staðfesta niðurstöður nýrrar samanburðarrannsóknar sem kynntar voru á Menntadegi iðnaðarins.

Á Menntadegi iðnaðarins í febrúar kynnti Málfríður Þórarinsdóttir, sviðsstjóri frumgreinasviðs við Háskólann í Reykjavík, helstu niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var á síðasta ári. Lögð var könnun fyrir tvo hópa, annars vegar nemendur með iðnmenntun og frumgreinapróf og hins vegar nemendur með stúdentspróf. Í fyrri hópnum voru 70 manns og í þeim síðari 76 manns. Svarhlutfall var 70,3%.

Iðnmenntaðir telja að verkleg þjálfun, sem þeir hafa hlotið, nýtist þeim mjög vel í tækni- og verkfræðinámi. Rannsóknin staðfestir að iðn- og starfsmenntuðu fólki með frumgreinapróf vegnar vel í námi í tækni- og verkfræði við Háskólann í Reykjavík samanborið við aðra nemendur. Þetta á m.a. við fyrstu áfanga í eðlis- og stærðfræði. Eins er viðhorf þeirra jákvæðara en nemenda með stúdentspróf varðandi mat á undirbúningsnámi að tækni- og verkfræði.

Þessar niðurstöður staðfesta að iðnmenntun er góður undirbúningur fyrir nám í tækni- og verkfræði. Eins og oft hefur komið fram í málflutningi Samtaka iðnaðarins skortir ekki síst iðnmenntaða tækni- og verkfræðinga.

Ingí Bogi Bogason

Ný lög um opinber innkaup

Rétt fyrir lok vorþings voru samþykkt ný lög um opinber innkaup sem taka gildi strax við birtingu þeirra. Tilfni þessarar lagasetningar má rekja til tveggja Evróputilskipana frá 2004 sem teknar voru upp í viðauka við EES-samninginn. Samtök iðnaðarins hafa látið sig mjög varða opinber innkaup og lagt ríka áherslu á sem bestar leikreglur.

Helstu nýmæli

Meðal helstu nýmæla í lögnum má í fyrsta lagi nefna að settar hafa verið reglur um heimild til svokallaðra samkeppnisviðræðna þegar um er að ræða flókna samninga. Um er að ræða nýja tegund innkaupaferlis sem svípar um margt til samningskaupa að undangenginni auglýsingu, án þess þó að skilyrðin fyrir því að nota þetta innkaupaferli séu jafnströng. Þá hafa verið settar afdráttarlausari reglur um tilkynningar og rökstuðning. Loks er að finna í lögnum ítarlegri reglur um hvaða kröfur heimilt er að gera til þátttakenda í opinberum innkaupum auk þess sem reglur hafa verið settar sem skylda opinberan aðila til að vísa fyrirtæki frá útboði.

Margt til bóta

Samtök iðnaðarins eru almennt séð sátt við þessi nýju lög. Margt í þeim horfir til verulegra bóta en annað er ekki eins og best verður á kosið. Það er til að mynda ánægjulegt að tekið er upp í 1. gr. að tilgangur laganna sé m.a. sá að efla nýsköpun og þróun við kaup hins opinberra á vörum, verkum og þjónustu. Þá verður að telja mjög jákvætt að í lögnum er að finna ákvæði sem snýr að fjárhagsstöðu bjóðanda þar sem heimilt er að sporna gegn kennitölufлакki en Samtök iðnaðarins hafa um árabíl vakið athygli á þessari meinsemd íslensks atvinnulífs.

Sveitarfélögin eiga valkost

Illu heilli er að sveitarfélögnum er enn í sjálfsvald sett hvort þau gangast undir þær auknu skyldur við opinber innkaup sem gilda um innkaup ríkis og ríkisstofnana. Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram sl. haust var gert ráð fyrir, líkt og í eldri lögum, að sveitarfélög og innkaup þeirra féllu ekki undir lögin nema þegar innkaupin væru það umfangsmikil að þau næðu viðmiðunarmörkum Evrópska efnahagssvæðisins.

Samtök iðnaðarins gagnrýndu þetta harðlega í umsögn sinni um frumvarpið. Við meðferð frumvarpsins á nýafstöðnu vorþingi voru gerðar þær breytingar að sveitarfélög geta átt undir lögin, þó að um sé að ræða innkaup sem eru undir viðmiðunarmörkum Evrópska efnahagssvæðisins, kjósi þau það sjálf. Kjósi sveitarfélög hins vegar að kaupa ekki inn skv. reglum þessa þáttar er þeim gert að setja sér reglur um innkaup sín.

Þó að þarna sé ekki gengið eins langt og Samtök iðnaðarins hefðu kosið í málefnum sveitarfélaga verður þetta engu að síðar að teljast hænuskref í rétta átt og ætti að leiða til þess að þau sveitarfélög, sem kjósa að falla ekki undir þennan tiltekna þátt laganna, setji sér skýrar reglur um innkaup sín. Engu að síður er hættu á því að áfram gæti misræmis milli sveitarfélaga og það valdi erfiðleikum fyrir verkataka sem ekki er kunnugt hvaða reglur gilda innan hvers sveitarfélags. Má líkja þessu við að ólíkar umferðarreglur gildi milli sveitarfélaga.

Sigurður B. Halldórsson

VSK málið verður leyst

Ríkisstofnunum verði gert kleift að kaupa tölvuþjónustu af einkaaðilum



Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, sagði á ráðstefnunni „Útvistun – allra hagur,” sem haldin var í byrjun mars í samvinnu við Ríkiskaup og ráðuneyti fjármála, iðnaðar og viðskipta, að innan ráðuneytisins væri nú unnið að lausn svokallaðs VSK-máls sem verið hefur eitt helsta baráttumál tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækja um árabíl.

Gildir e.t.v um annars konar þjónustu og vörur sem ríkið kaupir

Lausnin felst í því að ríkisstofnunum verði endurgreiddur virðisaukaskattur af allri þjónustu sem þær kaupa af tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækjum en nú er virðisaukaskattur einungis endurgreiddur af vinnu sérfræðinga. Ráðherra sagði að í fjármálaráðuneytinu væri þegar hafinn undirbúningur að gerð verklagsreglna sem gerðu þetta kleift en gert er ráð fyrir þeim við undirbúning fjárlaga 2008. Ráðherra sagði ennfremur að ef vel tækist til með þetta gagnvart þjónustukaupum tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækja sæi hann ekkert því til fyrirstöðu að útfæra þetta gagnvart annars konar þjónustu og vörusölu einkaaðila eins og SI og fleiri hafa lagt til.

Óeðlileg samkeppnishindrun

Samkvæmt núgildandi lögum um virðisaukaskatt leggja opinberir aðilar og fjármála-fyrirtæki ekki virðisaukaskatt á þjónustu sína og geta ekki fengið hann endurgreiddan nema af tiltekinni skilgreindri þjónustu sem þeir kaupa af einkaaðilum. Til dæmis fæst virðisaukaskattur af hýsingu upplýsingakerfa ekki endurgreiddur. Þetta hefur leitt til þess að stofnanir og fyrirtæki hafa komið sér upp eigin upplýsingatæknideildum. Hér er því um óeðlilega samkeppnishindrun að ræða sem verður rutt úr vegi með fyrirhugaðri breytingu sem fjármálaráðherra kynnti.

Ávinningur af útvistun

Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr hf., kynnti niðurstöður könnunar sem Intellecta gerði fyrir SI og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið á umfangi upplýsingatækni hjá opinberum stofnunum. Skv. niðurstöðum könnunarinnar, sem send var 225 stofnunum, eru 330 stöðugildi í upplýsingatækni á vegum ríkisstofnana, 215 í rekstri og 115 í hugbúnaðargerð. Ríkið er því fjölmennasta UT-fyrirtæki landsins. Þórólfur sagði að tækifæri næstu ára lægju í skýrri stefnu ríkisstjórnarinnar í útvistun opinberra verk-

efna til einkaaðila. Almennt hefði viðhorf gagnvart útvistun á þessu sviði verið jákvætt.

Opin og sívirk samskipti milli atvinnulífs og ríkisstofnana mikilvæg

Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa, fjallaði um nýjan samstarfsvettvang um þróun opinberra innkaupa en að honum standa SI, Samtök atvinnulífsins, Ríkiskaup og fjármála-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Hann sagði opin og sívirk samskipti og upplýsingagjöf milli atvinnulífs og ríkisstofnana, sem fara með innkaup, vera mjög mikilvæg og þau bæri að efla til að örva þróunarstarf og nýsköpun. Þá yrði að móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og atvinnulífs um aðferðir við opinber innkaup sem styddi við rannsóknir, þróun og nýsköpun.

Mikilvægt að standa rétt að málum

Bragi L. Hauksson, deildarstjóri upplýsingatæknideildar ríkisskattstjóra, fór yfir tilhögun upplýsingatækni hjá ríkisskattstjóra en þar er útvistun að stærstum hluta. Mikilvægt væri að standa rétt að málum og best færi á því að halda jafnvægi en tiltekin störf ættu heima innan stofnunarinnar vegna þekkingar starfsfólks. Útvistun væri oft allra hagur ef rétt væri staðið að málum.

Samstarfssamningar verða að vera gagnsærir

Hjörtur Þorgilsson, upplýsingatæknistjóri Icelandair, lýsti reynslu sinni af útvistun. Hann lagði áherslu á að samstarfssamningar yrðu að vera gagnsærir, skilgreina þyrfti vel skipulag, vald og ábyrgð og loks yrði að skilgreina og viðhalda nauðsynlegri þekkingu innan fyrirtækisins. Ef vel tækist til ykist hagkvæmni í rekstri, þjónusta færi batnandi, þekkingargrunnurinn yrði breiðari og skýrari sýn fengist á rekstrarkostnað.


Guðmundur Ásmundsson

M y n d i r f r á á r s h ó f i S a m t a



k a i ð n a ð a r i n s 1 6 . m a r s

Ræðumaður kvöldsins Halldór Einarsson oftast kallaður Dóri í Henson fór á kostum



Veislustjórinn Anna María Jónsdóttir skartaði hvorki meira né minna en þremur kjólum sem félagsmenn í Klæðskera og kjólameistarafélaginu saumuðu á hana í tilefni árshefðsins (Odd Stefán ljósmyndari var farinn af vettvangi áður en Anna María skartaði þriðju glæsiflíkinni)



